

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 17. október 2023

Mál nr. S-2323/2023:

## Héraðssaksóknari

(Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 19. september sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 30. mars 2023, á hendur X, kennitala [...], [...], Reykjavík, „fyrir nauðgun, með því að hafa að kvöldi laugardagsins 2. janúar 2021 á heimili A, kennitala [...], að [...] í Reykjavík, með ólögmati nauðung og án samþykkis, haft endaparmsmök við A og ekki sinnt því þó A bæði hann margsinnis um að hætta, með þeim afleiðingum að A hlaut margar smásprungur við endaparmsop.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

### Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð 3.500.000 kr. auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 2. janúar 2021 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða þóknun vegna réttargæslu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á réttargæsluþóknun.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu og þess að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hún þess að refsing ákærða verði látin niður falla og hann verði sýknaður af einkaréttarkröfu. Til þrautavara krefst hún vægustu refsingar sem lög leyfa sem öll verði skilorðsbundin og sýknu af einkaréttarkröfu. Til þrautþrautavara krefst

hún vægustu refsingar sem lög leyfa og verulegrar lækkunar einkaréttarkröfu. Þá krefst hún þess að allur sakarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun henni til handa ásamt virðisaukaskatti.

### Málsatvik

Sunnudaginn 3. janúar 2021, kl. 02.20, var lögregla kölluð á neyðarmóttöku Landspítalans í Fossvogi. Lögreglumaður ræddi þar við brotaþola sem greindi frá því að hann hefði orðið fyrir kynferðisbroti af hálfu fyrrverandi kærasta síns, ákærða. Hann kvað þá hafa verið þar en hætt saman fyrir um einu og hálfu ári síðan. Á u.þ.b. tveggja mánaða fresti eftir það hefðu þeir hist og stundað kynlíf, en í þau skipti hefði hann verið drukkinn og hringt í ákærða og beðið hann að sækja sig þar sem hann var hverju sinni. Brotaþoli sagði að kvöldið áður hefði ákærði komið á heimili hans til að hjálpa honum að gera við tölvuna sína. Brotaþoli hefði áður gert ákærða grein fyrir því í skilaboðum að hann vildi ekki stunda kynlíf með honum, einungis fá aðstoð við tölvuna. Viðgerðar-tilraunir ákærða hefðu verið árangurslausar. Eftir þær hefði ákærði tekið utan um hann og ýtt honum ofan í rúmið. Hann hefði sagt ákærða að hann vildi ekki vera snertur en þrátt fyrir það hefði ákærði snert hann um allan líkamann. Brotaþoli hefði frosið en ákærði haldið áfram að snerta hann. Ákærði hefði troðið fingrunum í munninn á honum og svo náð að leggja hann á bakið í rúminu og reynt að stinga limnum upp í munninn á honum. Brotaþoli hefði brugðist við með því að loka munninum. Ákærði hefði þá togað höfuðið á honum upp þannig að hann hefði komið limnum upp í munninn á honum en hann hefði kúgast við þetta. Eftir þetta hefði ákærði hrækt á fingurna á sér og sett þá inn í endaparm brotaþola. Brotaþoli hefði mótmælt og beðið ákærða að hætta. Ákærði hefði ekki hlustað á mótmæli hans. Hann hefði haldið honum föstum, hrækt á liminn og notaði hrákann sem sleipiefni. Því næst hefði hann sett liminn inn í endaparm brotaþola og átt við hann mök þangað til hann hefði fengið sáðlát. Eftir það hefði ákærði þurrkað með bréfi af limnum, klætt sig í fötin og yfirgefið herbergið í skyndi. Hann hefði svo heyrt ákærða aka hratt í burtu. Brotaþoli kvaðst hafa fundið fyrir miklum sársauka og margbeðið ákærða að stoppa meðan á þessu hefði staðið.

Lögregla fór á vettvang á heimili brotaþola að [...]. Um er að ræða íbúð í kjallara en herbergi brotaþola er afskekkt í námunda við þvottahús. [...] hans voru heima en höfðu einungis orðið vör við að ákærði hefði komið um kl. 22 og farið í skyndi eftir kl. 23.

Brotaþoli gaf skýrslu hjá lögreglu síðdegis sama dag. Þar lýsti hann atvikum að nýju. Hann kvaðst hafa beðið ákærða að aðstoða sig við tölvuna sína, en taldi að ákærði hefði beitt hann þrýstingi til að fá að koma og gera við tölvuna. Brotaþoli hefði samþykkt að hann kæmi kl. 22 kvöldið áður. Honum hefði ekki liðið vel andlega á þessum tíma vegna atviks sem tengdist öðrum strák. Þegar ákærði hefði verið kominn hefði hann farið

undir skrifborðið að beiðni ákærða til að laga tengingar undir borðinu. Þegar hann hefði verið á leið undan borðinu hefðu snertingar ákærða byrjað. Þær hefðu verið eins og ákærði væri að hjálpa honum undan borðinu en í eitt skiptið hefði ákærði gripið um mitti hans og sagt honum að setjast á lærið á sér. Honum hefði farið að líða óþægilega og sest á rúmið og verið á netinu í símanum. Brotapoli taldi að ákærði hefði verið í 45–60 mínútur að sinna tölvunni.

Þá hefði ákærði staðið upp og gert sig líklegan til að fara. Brotapoli hefði þá farið til ákærða og faðmað hann að sér. Faðmlagið hefði orðið lengra en hann hefði ætlað. Ákærði hefði haldið þéttingsfast í hann og ruggað honum að rúminu og ýtt honum niður. Ákærði hefði fallið ofan á hann og þeir legið hlið við hlið í rúminu og faðmast. Þá hefði ákærði fitlað við varir hans með fingri sínum. Hann hefði viljað setja fingurinn í munn hans en brotapoli ekki viljað það. Svo hefði ákærði sagt að ef meiningin væri að hann dveldist þarna eitthvað áfram yrði hann að fækka fötum því honum væri svo heitt. Hann hefði byrjað á að fara úr hettupeysunni og þeir svo lagst aftur í sömu stellingar. Ákærði hefði enn sagt að það væri of heitt og viljað fara úr bolnum. Ákærði hefði síðan gripið um öxl brotapola og snúið honum að sér þannig að andlit hans hefði þrýst að bringu hans og síðan strokið honum um bak og utanverð læri. Ákærði hefði síðan velt brotapola á bakið og orðið var við að brotapoli hafði holdris. Ákærði hefði snert hann stutta stund og síðan klætt hann úr buxum og nærbuxum. Ákærði hefði síðan fróað honum þar sem hann hefði legið á bakinu og stungið fingrum í endaparm hans. Brotapoli hefði þá lagt höndina á hönd ákærða en ekki ýtt. Ákærði hefði því næst fært sig ofar og farið úr buxunum og nærbuxunum og jafnframt tekið brotapola úr bolnum. Ákærði hefði búist til að leggjast ofan á brotapola sem hefði þá eiginlega verið frosinn og hendur hans legið niður með hliðunum. Brotapoli hefði legið á bakinu og ákærði setið klovvega á honum. Hann hefði fært sig ofar, þar til getnaðarlimur hans hefði verið kominn að andliti brotapola, og reynt að koma limnum í munn hans. Það hefði gengið illa hjá ákærða og hann hefði því gripið í hár brotapola og þrýst höfðinu fram og þannig náð markmiði sínu.

Þegar hér hefði verið komið sögu hefði brotapoli áttað sig á því að þetta vildi hann ekki. Hann teldi sig reyndar hafa sagt nei við ákærða aðeins fyrr, þegar hann hefði byrjað að fróa honum. Þá hefði hann einnig sagt nei þegar ákærða hefði tekist að koma getnaðarlim sínum í munn hans. Hann hefði fundið mikið til vegna þess að ákærði hefði gripið í hár hans og þvingað höfuðið í aðra stellingu. Hann hefði einnig sagt nei nokkrum sinnum eftir þetta. Þegar hann hefði komið út úr því ástandi að vera eins og frosinn hefði hann áttað sig á því að hendur hans væru fastar þar sem ákærði hefði setið ofan á honum. Honum hefði hins vegar tekist að hreyfa hálsinn og höfuðið þannig að ákærði hefði ekki getað verið lengur með liminn í munni hans. Ákærði hefði þá staðið upp úr rúminu, snúið honum við og komið honum þannig fyrir að hann kæmi getnaðarlim sínum fyrir í munninum á honum. Brotapoli hefði sagt nei allan tímann og reigt höfuðið aftur þannig

að ákærða hefði ekki tekist ætlunarverk sitt. Ákærða hefði síðan tekist að snúa honum í rúminu þannig að hann hefði legið þversum og þannig tekist að setja liminn í munninn á honum. Honum hefði svo virst leiðast og þá hætt.

Ákærði hefði síðan borið munnvatn fremst á getnaðarlim sinn og í endaþarmsop brotaþola og reynt að troða limnum þar inn. Brotaþoli hefði fundið til mikils sársauka og ákærða hefði ekki tekist að komast inn að fullu. Hann hefði þá fært brotaþola á fjóra fætur. Brotaþoli hefði þá hækkað röddina og grátbeðið hann um að hætta. Ákærði hefði þá haldið honum föstum með því að toga í hár hans og hnakka og þrýst honum niður til að auðvelda aðgengi að honum. Brotaþoli hefði stöðugt beðið hann um að hætta. Ákærði hefði síðan farið úr þessari stellingu, sett brotaþola á rúmið og spýtt munnvatni á endaþarmsop hans og kynfæri sín. Þá hefði hann stungið limnum aftur inn og tekist að koma honum alla leið. Sársaukinn hefði verið gríðarlegur og brotaþoli mótmælt aftur. Brotaþoli hefði séð andlit ákærða nálgast til að reyna að kyssa hann en hann hefði þá lokað munninum til að koma í veg fyrir það. Ákærði hefði haldið áfram og kvalirnar hefðu verið óbærilegar þannig að brotaþoli hefði öskrað hátt og mikið. Ákærði hefði þá hætt og hann haldið að þessu væri lokið en þá hefði ákærði troðið nærbuxum brotaþola upp í munn hans, en brotaþoli taldi hann hafa gert það til að koma í veg fyrir að fólk í nærliggjandi herbergjum heyrði í honum. Þá hefði brotaþoli gefist upp og gert sér grein fyrir því að hann gæti ekkert gert. Ákærði hefði síðan hreyft sig hraðar og hraðar þar til hann hefði fengið sáðlát. Brotaþoli hefði á meðan á þessu hefði staðið fundið fyrir óbærilegum sársauka, bæði líkamlegum og andlegum. Eftir að ákærði hefði farið hefði brotaþoli haft samband við vinkonur sínar, B, C og D, og einnig sagt frænda sínum, E, frá þessu. Borið var undir brotaþola að ákærði hefði greint frá því að það hefði verið hluti af kynlífi þeirra að brotaþoli hefði mótmælt en engu að síður viljað að ákærði héldi áfram. Brotaþoli andmælti þessu.

Brotaþoli gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 19. apríl 2022 þar sem borinn var undir hann framburður ákærða um að það hefði verið einhvers konar leikur á milli þeirra að biðja um að stoppa án þess að vilja það. Brotaþoli kannaðist þá við að það hefði gerst einu sinni eða tvisvar um ári eða einu og hálfu ári fyrr. Þá hefði verið um að ræða „mildan atlotaleik“ þar sem þeir hefðu þóst kyrkja hvor annan. Þetta hefði verið að frumkvæði ákærða. Honum hefði ekki líkað þetta og því hefði þetta ekki gerst aftur. Það hefði ekki verið um slíkan leik að ræða þarna. Þá greindi hann frá því að hann teldi að ákærði hefði áður notfært sér ástand hans þegar hann hefði verið mjög drukkinn til að hafa við hann kynferðismök. Þá greindi brotaþoli frá slæmri líðan, sálfræðimeðferð og sjálfsvígs-tilraunum.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 3. janúar 2021. Hann greindi frá atvikum með líkum hætti og brotaþoli. Hann hefði komið heim til hans um kl. 22 kvöldið áður til að hjálpa honum með tölvuna hans. Eftir tilraunir til að gera við tölvuna hefðu þeir farið

saman upp í rúm og kúrt í smástund. Honum hefði verið heitt og farið úr hettupeysu og bol. Eftir það hefði brotaþoli líka farið úr hettupeysu og bol. Þeir hefðu svo saman fært brotaþola úr buxunum og hann hefði líka farið úr buxunum. Brotaþoli hefði síðan veitt honum munnmök og í framhaldinu hefði hann haft endaparmsmök við brotaþola sem hefðu endað með því að hann hefði fengið sáðlát. Brotaþoli hefði ekki sagt neitt meðan á munnmökunum hefði staðið en meðan á endaparmsmökunum hefði staðið hefði hann endurtekið sagt stopp. Í upphafi sambands þeirra hefði brotaþoli sagt honum að hann væri með „kink“ sem væri þannig að honum fyndist skemmtilegt að segja „hættu, stopp eða eitthvað þannig“ í kynlífinu en ef hann stoppaði hefði brotaþoli sagt honum að halda áfram. Hann hefði verið vanur að heyra þetta og því ekki talið að þetta þýddi að hann ætti að hætta. Ákærði kvaðst ekki hafa notað sleipiefni, en það hefði verið misjafnt hvort þeir notuðu það eða ekki. Eftir að hann hefði haft sáðlát hefði hann staðið upp, klætt sig og farið eins og hann hefði alltaf gert þegar þeir hefðu hist eftir að sambandi þeirra hefði lokið. Það hefði alltaf verið þannig að ekki hefði staðið til að stunda kynlíf þegar þeir hittust en það gerðist samt. Þá hefði hann nær alltaf „blokkað“ brotaþola eftir slíka fundi þeirra en oftast „afblokkað“ hann daginn eftir.

Í skýrslu neyðarmóttöku vegna komu brotaþola kemur fram að brotaþoli hafi borið um að hafa verið heima og ákærði komið til hans að líta á tölvuna hans. Hann hefði verið orðinn þreyttur og sagt ákærða að hann væri ekki til í kynferðisleg samskipti. Þegar ákærði hefði ætlað að fara hefði brotaþoli ætlað að kveðja hann með faðmlagi en ákærði þá ýtt honum niður á rúmið og haldið utan um hann. Ákærði hefði svo farið úr að ofan og byrjað að káfa á brotaþola. Hann hefði svo snúið brotaþola og reynt að taka niður um hann buxurnar og farið að fróa honum en brotaþoli hefði forðast að gera neitt. Ákærði hefði þá sjálfur farið úr og sest ofan á brotaþola og reynt að fá hann til munnmaka. Brotaþoli hefði hrist höfuðið fram og til baka til að forðast það en ákærði þá gripið í hárið á honum og sveigt höfuðið fram. Er brotaþoli hefði farið að berjast á móti hefði ákærði haldið höndum hans aftur með síðunni og ýtt honum niður á rúmið og haft hnén ofan á höndunum á honum. Brotaþoli hefði reynt að sperra höfuðið aftur á bak svo ákærði gæti ekki komist í munninn á honum. Þegar þetta hafi ekki gengið hefði ákærði reynt að komast í endaparminn á brotaþola sem hefði barðist á móti. Ákærði hefði þá haldið honum föstum niðri en brotaþoli þá tekið að öskra og segja nei. Ákærði hefði þá náð í nærföt af gólfinu og troðið í munn hans. Ákærði hefði þröngvað sér í endaparm brotaþola og notað munnvatn sem sleipiefni. Hann hefði lokið sér af í endaparm, staðið upp og farið án þess að segja orð.

Ástandi brotaþola er lýst þannig að hann hafi verið leiður og átt erfitt með að bresta ekki í grát. Hann hafi margendurtekið að hann hafi ekki viljað kynlíf og margsagt það. Hann hafi samt verið rólegur er hann hafi greint frá atvikum. Við skoðun hafi sést byrjandi yfirborðsáverki utanvert á hálsi sem gæti samræmst því að vera undan núningi

frá átökum. Þá hafi brotþoli reynst vera með fjölda smásprungna við endaparmsop.

Gerð var réttarlæknisfræðileg skoðun á ákærða eftir handtöku hans aðfaranótt 3. janúar 2021. Í vottorði læknisins F kemur fram að ekkert óeðlilegt hafi komið fram í skoðuninni og engin áverkamerki verið sjáanleg.

Í vottorði G sálfræðings, dags. 9. júní 2022, kemur fram að brotþola hafi verið vísað í sálfræðilegt mat hjá sálfræðiþjónustu neyðarmóttökunnar 3. janúar 2021. Sálfræðingurinn hafi fyrst rætt við brotþola í síma 4. janúar 2021 til að bóka viðtal og hafi síðan hitt hann í 15 viðtölum á tímabilinu 6. janúar til 10. júní 2021, auk þess sem hún hafi nokkrum sinnum rætt við hann í síma. Áhersla hafi verið lögð á ítarlegt greiningarmat og brotþola veitt fræðsla um áfallaeinkenni og sálrænn stuðningur. Miklar sveiflur í líðan brotþola hafi gert honum erfitt fyrir við að takast á við áfallastreitueinkenni hans og þannig hindrað bataferli hans. Rúmum átta vikum eftir ætlað brot hafi áfallastreitueinkenni brotþola enn verið alvarleg og hann uppfyllt greiningarskilmerki fyrir áfallastreituröskun. Sálræn einkenni hans í kjölfar áfallsins hafi samsvarað einkennum sem þekkt séu hjá fólki sem hafi upplifað alvarleg áföll eins og líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir. Niðurstöður sjálfsmatskvarða hafi samsvarað vel frásögnum brotþola í viðtölum. Hann hafi ávallt vist hreinskilinn, trúverðugur og samkvæmur sjálfum sér. Ljóst sé að atburðurinn hafi haft víðtæk áhrif á líðan hans. Formleg meðferð við áfallastreituröskun hafi byrjað 29. mars 2021. Brotþoli hafi tekið vel við fræðslu og vist áhugasamur um að nýta sér hana. Áfallastreitueinkenni hans hafi þó haldist áfram há allt þar til í júní 2021 þegar brotþoli hafi óskað eftir að ljúka meðferð, en þá hafi vist sem bati væri hafinn. Brotþoli hafi þá lýst því að helstu endurupplifunar-einkenni hefðu minnkað og þunglyndis- og streitueinkenni hans hafi lækkað úr mjög alvarlegum í miðlungs alvarleg einkenni. Svefnvandi hafi einnig vist úr sögunni. Brotþoli hafi einungis mætt í fimm af tólf áætluðum meðferðartímum.

Í málinu liggja fyrir skjáskot af samskiptum ákærða og brotþola á Messenger á tímabilinu 30. desember 2020 til 2. janúar 2021. Þar óskar brotþoli eftir aðstoð ákærða við að laga tölvuna sína. Ákærði segist vera upptekinn og það verði að bíða. Þann 1. janúar segist hann vera laus til að hjálpa brotþola. Í framhaldi ræða þeir hvað er að tölvunni. Brotþoli afþakkar að ákærði komi þá þar sem hann sé þreyttur og líði illa vegna slæms atviks með strák. Ákærði fullvissar hann um að hann þurfi ekki að hafa áhyggjur af honum þar sem hann þekki hann vel og viti að hann geri honum ekki neitt. Brotþoli greinir ákærða jafnframt frá því að þeir geti ekki gert það sem þeir séu vanir að gera og ákærði segir að þeir þurfi ekki að gera það. Að kvöldi 2. janúar biður brotþoli ákærða um að koma til sín kl. 22 um kvöldið.

Þá liggja einnig fyrir skjáskot af samskiptum brotþola og B, vinkonu hans. Þar biður hann B um að svara símanum sínum en hann þurfi nauðsynlega að tala við hana þar sem ákærði hafi nauðgað honum.

## **Framburður ákærða og vitna fyrir dómi**

Ákærði kvaðst hafa verið í sambandi við brotþola af og til í rúmlega ár. Þeir hefðu verið 16 ára gamlir í upphafi sambandsins. Þeir hefðu svo hætt saman nokkrum mánuðum fyrir atvikið sem um ræði en þó hist í nokkur skipti eftir það. Brotþoli hefði stundum haft samband og beðið hann að sækja sig niður í bæ, sem hann hefði gert. Þetta hefði yfirleitt endað með kynlífi á milli þeirra. Brotþoli hefði svo haft samband við hann rétt fyrir áramótin og beðið hann um að aðstoða sig við tölvuna sína. Brotþoli hefði verið í vandræðum með hljóðnema sem ákærði hefði keypt fyrir hann. Hann hefði verið upptekinn en getað farið til brotþola 2. janúar. Hann hefði farið heim til hans um kl. 22. Hann hefði þurft að ganga í gegnum íbúðina til að komast í herbergi brotþola en hefði ekki mætt neinum. Hann hefði reynt í u.þ.b. hálf tíma að laga hljóðnemann, en það hefði ekki gengið. Brotþoli hefði staðið í herberginu til að byrja með en svo lagst á rúmið. Þegar ákærði hefði ætlað að fara hefði brotþoli viljað knúsa hann. Þeir hefðu svo fallið niður á rúmið í því taki og kúrt saman. Hann hefði gætt þess að lenda ekki ofan á brotþola því hann væri stærri. Honum hefði verið heitt og farið úr peysu og bol. Brotþoli hefði jafnframt farið úr peysunni og hann svo hjálpað honum úr bolnum. Hann hefði síðan farið úr buxum og klætt brotþola úr sínum buxum og í kjölfarið hefðu þeir stundað kynlíf. Brotþoli hefði opnað munninn og veitt honum munnmök. Hann hefði síðan snúið brotþola við og brotþoli ekki barist á móti því. Ákærði hefði ekki haldið höndum hans eða haldið honum föstum með neinum hætti. Hann hefði síðan haft endaparmsmök við brotþola og eftir að hann hefði haft sáðlát hefði hann klætt sig í og farið. Þá hefði klukkan verið um 23:20.

Ákærði kvað brotþola ekki hafa mótmælt neinu og aldrei beðið hann um að hætta eða barist á móti. Honum hefði fundist eins og brotþola þætti þetta gott. Þeir hefðu ekki notað sleipiefni í þetta sinn, en þeir gerðu það ekki alltaf. Ákærði kannaðist við að hafa sett nærbuxur í munn brotþola meðan á endaparmsmökunum hefði staðið en það væri venjulegur leikur milli þeirra. Ákærði taldi að þetta atvik væri venjulegt á milli hans og brotþola. Þeir hefðu rætt um að ekki kæmi til kynlífs milli þeirra þetta sinn, en þannig hefði það oft verið áður og engu að síður hefðu þeir stundað kynlíf. Hann gerði sér ekki grein fyrir því af hverju brotþoli hefði farið á neyðarmóttöku þetta kvöld. Brotþoli væri þó þekktur fyrir drama og þörf fyrir athygli. Í sambandi þeirra hefði brotþoli stundum leikið sér að því að segja nei eða stopp í kynlífinu án þess að vilja að hann hætti. Í upphafi sambands þeirra hefði brotþoli lýst þeim dagdraumi að einhver brytist inn og „tæki“ hann. Brotþoli hefði greint honum frá því að hann hefði verið beittur kynferðisofbeldi áður en þeir kynntust. Brotþoli hefði gengið til sálfræðings vegna þess og verið á þunglyndislyfjum. Undir lok sambands þeirra hefði verið ráðist á brotþola. Eftir það hefði brotþoli hringt í hann þar sem hann hefði verið í útskriftarveislu með fjölskyldu sinni

og viljað að ákærði kæmi til hans í vinnuna og sæti hjá honum. Hann hefði sagt að hann kæmist ekki og brotapolí þá slitið sambandinu. Hann hefði þó ekki orðið var við að brotapolí segði ósatt.

Spurður út í skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst hann hafa átt við að ekki hefði verið ætlunin að kvöldið endaði með kynlífi, eins og reyndar oft áður, þegar hann hefði sagt að þetta hefði ekki átt að gerast. Hann hefði verið að reyna að slíta samskiptum þeirra og þess vegna hefði þetta ekki átt að gerast. Þegar hann hefði sagt ákærða hafa sagt stopp hefði hann verið að vísa til þess sem hefði gerst meðan þeir voru í sambandi. Ekki hefði verið um það að ræða þetta sinn. Hann hefði skilið lögreglumanninn þannig í skýrslutökunni að hann hefði verið að spyrja um fyrri samskipti þeirra brotápola. Spurður um þau ummæli hjá lögreglu að hann hefði ekki stoppað í þetta skipti kvaðst hann hafa verið ringlaður þar sem farið hefði verið fram og til baka í tíma en hann myndi þetta þannig að brotapolí hefði ekki sagt honum að stoppa þetta kvöld.

*Brotapolí, A*, kvaðst hafa þurft aðstoð við tölvuna sína og ákærði hefði komið til að hjálpa honum að kvöldlagi. Ákærði hefði komið kl. 21:57 og hringt og sagst vera fyrir utan. Brotapolí hefði ekki verið tilbúinn og sagt honum að það væru þrjár mínútur eftir. Hann hefði hleypt ákærða inn nákvæmlega kl. 22. Ákærði hefði komið inn um aðalinngang íbúðarinnar og gengið í gegnum hana og þvottahús og geymslu til að komast að herbergi brotápola. [...]brotapóla hefðu verið sofandi og [...] hans í heimsókn en enginn hefði séð ákærða.

Ákærði hefði sest við skrifborð hans og beðið hann um að laga snúrur undir borðinu. Síðan hefði ákærði látið brotápola sitja í kjöltu sinni. Brotapóla hefði liðið óþægilega við þetta. Eftir þetta hefði brotapolí lagst á rúmið sitt og verið í símanum meðan ákærði hefði reynt að laga tölvuna. Hann hefði áður gert ákærða grein fyrir því í textaskilaboðum að hann vildi ekki stunda kynlíf. Hann hefði treyst ákærða þar sem hann væri fyrrverandi kærastinn hans. Eftir um 20–30 mínútna tilraunir til að gera við tölvuna hefði orðið ljóst að ekki gengi að gera við hana. Hann hefði þá sagt ákærða að hann gæti farið og ákærði hefði staðið á fætur. Brotapolí hefði þá einnig staðið upp til að faðma ákærða í kveðju-skygni. Ákærði hefði þá ýtt honum á rúmið og lent ofan á honum. Hann hefði sagt að sér væri heitt og hann þyrfti að fara úr hettupeysunni. Ákærði hefði síðan tekið að snerta hann og taka hann úr fötunum. Hann hefði hugsanlega farið sjálfur úr peysunni en ákærði hefði tekið hann úr buxum og nærbuxum. Við þetta hefði brotapolí frosið. Ákærði hefði fært líkama sinn ofar, sest ofan á brotápola, fært getnaðarlim sinn nálægt andliti hans og reynt að setja liminn í munn hans. Ákærði hefði jafnframt snert kynfærasvæði brotápola og reynt að putta hann. Brotapolí hefði reynt að berjast á móti og færa höfuðið aftur. Ákærði hefði þá rifið í hár hans og togað höfuðið fram og tekist að láta hann veita sér munnmök. Brotapolí hefði síðan farið að segja nei og ákærði þá hætt. Hann taldi að þetta hefði tekið nokkrar mínútur. Ákærði hefði síðan staðið upp og fært brotápola til í rúminu

þannig að höfuð hans hefði hangið út af. Ákærði hefði þá reynt að fara inn í hann en brotþoli grátbeðið hann um að hætta og sagt margoft að hann vildi þetta ekki. Ákærði hefði farið á fjóra fætur en brotþoli hefði fært sig svo hann hefði ekki komist inn. Ákærða hefði svo tekist að setja getnaðarlim sinn í endarþarm hans með því að láta hann liggja með andlitið niður í rúmið og grípa um handleggi hans. Brotþoli kvaðst hafa fundið til mikils sársauka, en ákærði hefði ekki notað neitt sleipiefni. Hann hefði öskrað til að fá ákærða til að hætta eða til að einhver heyrði til hans. Hann hefði jafnframt farið að gráta og sagt nei margoft. Hann hefði svo haldið að ákærði væri hættur en þá séð svartan hlut koma að andlitinu. Það hefðu verið nærbuxurnar hans og ákærði hefði sett þær í munn hans svo hann gæti ekki öskrað meira. Brotþoli hefði þá gefist upp og haldið áfram að gráta. Ákærði hefði haldið áfram að nauðga honum og farið að gera það mjög hratt. Brotþoli hefði óskað þess að þetta væri búíð sem fyrst því sársaukinn hefði verið mikill. Síðan hefði hægst á ákærða og hann hefði að lokum hætt en brotþoli teldi að ákærði hefði þá fengið sáðlát.

Eftir þetta hefði ákærði klætt sig og hlaupið út án þess að segja orð. Brotþoli hefði verið hræddur og því ekki þorað að snúa sér við heldur legið grátandi í rúminu. Hann hefði svo heyrt bifreið ákærða aka hratt í burtu. Þá hefði hann strax hringt í C, vinkonu sína. Hún hefði ráðlagt honum að þvo sér ekki og fara strax á spítala. Svo hefði hann sent skilaboð til B og beðið hana um hjálp þar sem honum hefði verið nauðgað. Hann hefði einnig hringt í D og hún hefði gefið honum sömu ráðleggingar. B hefði í framhaldinu sótt hann, þau hefðu sótt D og farið á spítalann.

Brotþoli kvaðst hafa upplifað mikinn andlegan og líkamlegan sársauka allan tímann sem atvikið hefði staðið yfir. Hann hefði upplifað að ákærði hefði rænt hann virðingu hans. Þá teldi hann að ákærði hefði reglulega farið yfir mörk hans áður. Hann hefði oft sótt hann í partí, brotþoli hefði sofnað og vaknað við að ákærði væri að stunda kynlíf með honum. Þeir hefðu kynnst á fyrsta ári í menntaskóla veturinn 2018–2019 og verið saman í um tíu mánuði. Eftir það hefðu þeir stundum hist þegar brotþoli var drukkinn og þurfti far heim. Þá hefðu þeir ávallt stundað kynlíf. Þetta hefði gerst um fimm sinnum á því ári sem liðið hefði frá því að þeir hættu saman. Brotþoli hefði slitið sambandinu og það hefði verið hann sem hefði beðið ákærða að sækja sig. Hann hefði ekki haft áhyggjur af því enda hefðu vinir hans sagt að það væri eðlilegt að ákærði stundaði með honum kynlíf þótt hann væri meðvitundarlaus vegna drykkju þar sem ákærði væri fyrrverandi kærastinn hans. Brotþoli kannaðist ekki við að þeir ákærði hefðu stundað þann leik í kynlífi að segja nei án þess að meina það. Hann hefði einungis sagt nei ef hann hefði fundið til sársauka. Ákærði hefði einu sinni stungið upp á því að leika þann leik að segja hættu eða stopp án þess að meina það. Þeir hefðu reynt þetta en honum hefði ekki líkað það og ekki viljað stunda þann leik. Þá hefðu þeir aldrei áður sett nærbuxur

eða sokka í munn hins. Spurður um frá hvaða tíma hann var ósáttur við kynlíf þeirra þetta kvöld kvaðst brotþoli hafa verið það frá munnmökunum þegar ákærði sat ofan á honum.

Brotþoli lýsti slæmri líðan frá þessu atviki. Hann hefði einu sinni áður verið misnotaður en hann væri búinn að ná sér eftir þau brot. Hann hefði farið í meðferð á vegum neyðarmóttöku en meðferðin hefði ekki gengið nógu vel. Hann hefði orðið þunglyndur og reynt sjálfsmorð nokkrum sinnum. Þótt hann hefði fundið til þunglyndis áður hefði það ekki verið jafn alvarlegt og hann ekki verið með sjálfsmorðshugsanir. Brotþoli kvaðst hafa einangrað sig og misst marga vini. Hann hefði verið dofinn og grátið mikið og hætt að hugsa um sjálfan sig. Þá hefði hann farið að drekka mikið og grípi enn til áfengis í dag þegar atvikið komi upp í huga hans. Brotþoli kvaðst vera að hitta mexíkóskan sérfræðing í kynferðisofbeldi sem væri að hjálpa honum með hugrænni atferlismeðferð. Í dag búi hann erlendis og það væri að stórum hluta til þess að þurfa ekki að sjá ákærða aftur.

*Vitnið B*, vinkona brotþola, kvaðst hafa verið heima hjá sér að kvöldi til er C, vinkona hennar, hefði hringt í hana í uppnámi og beðið hana um að hringja í brotþola þar sem eitthvað hefði gerst. Hún hefði séð að hún hefði misst af nokkrum símtölum og einnig fengið ný textaskilaboð. Hún hefði þá hringt í brotþola en hann hefði verið í svo miklu uppnámi og grátið svo mikið að hann hefði ekki getað komið orðum frá sér. Hann hefði þurft að hringja aftur skömmu síðar þegar hann hafði róast nægilega og þá hefði hann sagt henni að ákærði hefði nauðgað sér. Brotþoli hefði lýst því að ákærði hefði sett föt í munn hans svo hann gæti ekki talað og ýtt honum á rúmið. Brotþoli hefði beðið vitnið um að keyra sig á spítalann. Hún hefði farið að sækja hann og séð að hann var í áfalli. Hann hefði lítið sagt á leiðinni og þau hefðu ekki rætt atvikið. Þau hefðu sótt D, vinkonu þeirra, sem hefði ætlað með brotþola á neyðarmóttökuna en ekki getað farið þangað vegna covid. Hún hefði rætt um atvikið við brotþola síðar. Þá hefði hann sagt henni að einnig hefði verið um munnmök að ræða og að ákærði hefði ekki hlustað á nei. Brotþoli hefði verið dapur og líðan hans vegna þessa hefði versnað með tímanum. Honum hefði farið að ganga illa í námi, hann hefði ekki sótt tíma og ekki skilað verkefnum. Þá hefði hann leitað í slæman félagsskap. Líðan hans í dag sé sveiflukennd.

*Vitnið C*, vinkona brotþola, kvað þau hafa verið vini allt frá grunnskóla. Umrætt kvöld hefði hún verið heima nýkomin af spítala þegar brotþoli hefði hringt í hana grátandi í miklu uppnámi og sagt að sér hefði verið nauðgað skömmu áður. Hún hefði reynt að róa hann og spyrja hvað hefði gerst. Brotþoli hefði átt erfitt með að greina frá atvikum en svo sagt henni að honum hefði verið nauðgað um endaparm og hann væri útataður í saur og með áverka. Brotþoli hefði beðið viðkomandi um að hætta og sagt nei. Þetta hefði verið mjög sárt og hann væri illa farinn með áverka á endaparmi og þar hefði blætt. Hann hefði greint frá gerandanum en hún myndi ekki hvað hann heiti. Vitnið kvaðst hafa ráðlagt honum að fara ekki í sturtu og fara beint á spítala. Hún hefði ekki

getað farið með honum þar sem hún hefði verið að jafna sig eftir veikindi. Hún hefði því sagt honum að hún myndi hringja í B og biðja hana um að fara með honum. Hún hefði svo hringt í B og beðið hana að aðstoða brotapolu. Vitnið taldi að brotapolu hefði leitað til hennar þar sem hún hefði gengið í gegnum svipuð atvik með vinkonu áður. Þau brotapolu hefði ekki rætt atvikið aftur eftir þetta en hún spyrji um líðan hans þegar þau eigi samskipti. Brotapola hafi liðið illa og glímt við þunglyndi og kvíða. Hann sé ekki líkur því sem hann hefði verið fyrir þetta.

*Vitnið D*, vinkona brotapolu, kvaðst hafa verið heima hjá sér þegar brotapolu hefði hringt grátandi. Hann hefði lýst því að hafa beðið ákærða um aðstoð. Ákærði hefði þá farið að reyna að kyssa brotapolu en hann ekki viljað það. Hann hefði sagt ákærða að hætta en ákærði hefði hrint honum á rúmið og nauðgað honum. Brotapoli hefði legið á maganum og ákærði sett getnaðarliminn inn í hann. Þá hefði ákærði sett föt í munn brotapolu til að koma í veg fyrir að hann öskraði. Brotapoli hefði lýst líkamlegum sársauka og við skoðun á spítalanum hefðu áverkar komið í ljós. Vitnið kvaðst hafa boðist til að fara með brotapolu á neyðarmóttökuna. Hann hefði grátið allan tímann og verið í áfalli, en inn á milli hefði hann þagað og starað út í loftið. Hún kvaðst hafa orðið vör við breytingar á ákærða eftir þetta atvik. Hann hefði einangrað sig og hætt að vilja fara út. Henni virtist sem líðan brotapolu fari smám saman batnandi en það sé þó áhyggjuefni hvað hann neyti mikils áfengis.

*Vitnið E*, [...] brotapolu, kvaðst búa á sama heimili og brotapolu. Hann hefði verið inni í stofu þegar brotapolu hefði komið og sagt að ákærði væri á leið til hans í heimsókn. Nokkru síðar hefði hann heyrt millihurð í húsinu skellast, farið að athuga það og þá séð ákærða flýta sér út. Brotapoli hefði komið fimm mínútum síðar og virst í áfalli og sagt að sér hefði verið nauðgað. Hann hefði ekki lýst því nánar hvað hefði gerst og vitnið ekki spurt. Vitnið hefði farið inn í herbergi til brotapolu þegar lögreglan hefði komið. Þá hefði brotapolu greint honum frá því sem hefði gerst. Hann hefði séð nærbuxur í herbergi brotapolu sem brotapolu hefði sagt að hefðu verið settar í munninn á honum. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt neitt frá herbergi brotapolu þetta kvöld en herbergið sé nokkuð afsíðis. Hann taldi þó að hann myndi hafa heyrt ef einhver hefði öskrað en íbúðin sé mjög lítil. Vitnið kvaðst strax hafa vakið foreldra brotapolu en þau hefðu verið sofandi þegar atvikið varð.

*Vitnið H*, [...] ákærða, kvaðst hafa heyrt af málinu morguninn eftir er lögreglumaður hefði hringt og látið hana vita hvar [...] væri. Hún hefði rætt við ákærða sama dag og hann tjáð henni að þeir brotapolu hefðu stundað kynlíf með vilja beggja og ekkert annað hefði gerst. Hann hefði ávallt neitað því afdráttarlaust að hafa farið gegn vilja brotapolu. Hún hefði rætt við ákærða um að fá sálfræðihjálp í tengslum við þetta mál, en hann neitað því þar sem hann teldi að hann hefði ekki gert neitt rangt. Ákærði og brotapolu hefðu hafið samband 16 ára að aldri. Hún hefði upplifað að brotapolu hefði stýrt

ákærða. Ákærði væri góðmenni og ætti það til að láta fólk ganga á sig. Sambandið hefði endað þegar þau fjölskyldan hefðu verið saman í útskriftarveislu og brotapolí hefði viljað fá ákærða til sín og ekki skilið að ákærði gæti ekki farið.

*Vitnið I*, [...], kvaðst hafa verið heima að horfa á sjónvarpsþátt þegar [...] hefði komið heim og sagt henni að hann hefði verið hjá brotapolá. Hann hefði vist alveg eins og hann ætti að sér að vera. Þegar bankað hefði verið harkalega hefði hún stoppað sjónvarpsþáttinn til að reyna að heyra hver væri kominn en ekki heyrt það. [...] hefði svo farið út og hún sent honum mörg skilaboð en ekki fengið nein svör svo hún hefði orðið stressuð. Hún hefði svo frétt hvar hann væri kl. 6 um morguninn. Ákærði hefði rætt atvikin við hana 2–3 dögum síðar. Hann hefði sagt henni að hann hefði verið handtekinn fyrir nauðgun og strax sagt að hann væri saklaus. Ákærði hefði alltaf falið líðan sína svo hún gæti ekki greint frá henni. Hún hefði bent honum á að leita til sálfræðings en hann segðist ekki þurfa neina hjálp því hann væri saklaus. Hún kvað samband ákærða og brotapolá hafa vist þannig að brotapolí stjórnaði ákærða sem vildi allt fyrir hann gera.

*Vitnið J, lækni á neyðarmóttöku*, kvaðst hafa verið kallaður út um miðnætti vegna atviksins. Brotapolí hefði komið á neyðarmóttöku í fylgd vinkonu sinnar. Hann hefði lýst því að hafa fengið vin sinn, sem hann hefði áður verið í sambandi með, til að aðstoða sig og hefði tekið fram að hann hefði ekki áhuga á samlífi. Brotapolá hefði liðið illa, verið niðurbrotinn og grátið. Hann hefði upplifað að hafa orðið fyrir trúnaðarbresti og verið í miklu uppnámi þannig að nokkra stund hefði tekið að róa hann. Frásögn brotapolá hefði verið skýr og samræmi í henni. Hann hefði lýst kynlífi án samþykkis síns. Vitnið kvaðst sjálfur hafa tekið sögu brotapolá og eftir það hefði farið fram læknisfræðileg skoðun. Sést hefði á hálsi brotapolá hægra megin byrjun á mari, en það hefði ekki verið að fullu komið fram. Ekkert hefði sést sérstakt við kynfæri en fjöldi smásprungna hefðu verið við endaparm. Sprungur sem þessar komi til við þenslu en séu ekki eftir hægðir. Annað hvort þurfi til ofbeldi eða samfarir án rakasmýrslis.

*Vitnið K, hjúkrunarfræðingur á neyðarmóttöku*, tók á móti brotapolá við komu hans. Hún kvaðst hafa skrifað skýrslu hans eftir frásögn hans. Lækni hefði verið kallaður út sem hefði gert réttarlæknisfræðilega skoðun á brotapolá. Hún vísaði til skýrslu sinnar um ástand brotapolá en þar hefði hún lýst því sem henni kæmi fyrir augu með hliðsjón af reynslu hennar.

*Vitnið G sálfræðingur* staðfesti vottorð sitt vegna brotapolá. Hún kvaðst fyrst hafa heyrt í honum 4. janúar 2021 og hitt hann fyrst þann 6. sama mánaðar, en samtals hefði hún hitt hann í 15 skipti. Hann hefði lýst mikill vanlíðan og áfallastreitueinkennum, svo sem depurð og þunglyndi. Þá hefði hann haft vaxandi sjálfsvígshugsanir og gert þrjár alvarlegar sjálfsvígstilraunir á meðferðartímanum. Þar sem einkenni hans hefðu haldist mikil hefði verið ákveðið að gera formlega greiningu á áfallastreituröskun. Brotapolí hefði haft sértæk einkenni með beina vísun í þennan tiltekna atburð. Hann hefði lýst fyrri

áföllum og aðstoð sem hann hefði fengið vegna þeirra. Leitað hefði verið eftir því hvort önnur áföll hefðu áhrif en hann skimaðist ekki fyrir þeim. Formleg greining væri ekki gerð án þess að um vísan í tiltekinn atburð væri að ræða. Þá væri greining ekki gerð fyrir en liðnar væru 4–6 vikur frá atburðinum. Í síðasta viðtali við brotaþola hefði hann lýst vísbendingum um að bataferli væri að hefjast. Hann hefði síðan hætt að koma en vitnið vissi ekki af hverju. Algengar ástæður fyrir slíku væru forðun eða bætt líðan. Vitnið kvaðst hafa upplifað brotaþola hreinskilinn og hafa tekið leiðbeiningum vel. Hann hefði greint frá því að vera í lyfjameðferð í samráði við geðlækni vegna þunglyndis og kvíða sem hefði virst henta honum vel. Það hefði því verið metið eðlilegt og hefði ekki áhrif á greininguna. Ekki sé ljóst hvort brotaþoli þurfi frekari aðstoð í framtíðinni vegna þessa.

*Lögreglumaður nr. L* greindi frá komu sinni á neyðarmóttöku vegna brotaþola í byrjun janúar 2021. Brotaþoli hefði verið í miklu uppnámi og grátið. Vitnið hefði tekið skýrslu af honum og í kjölfarið farið á heimili brotaþola ásamt tæknimanni þar sem teknar hefðu verið myndir af vettvangi. Herbergi brotaþola hefði verið ósköp venjulegt og ekkert sérstaklega eftirtektarvert. Hann myndi þó eftir að hafa tekið eftir nærbuxum á rúminu. Herbergið hefði verið aðeins til hliðar frá íbúðinni en þó ekki mikið afsíðis. Um væri að ræða litla kjallaraíbúð, en fara þyrfti inn á lítinn gang þar sem herbergi brotaþola væri að finna. Vitnið kvaðst telja að hávaði myndi heyrast úr herberginu yfir í vistarverur annarra í íbúðinni og taldi einungis vera um 2–3 metra á milli, en hann gat þó ekki fullyrt um það. Heimilisfólkið hefði komið á fætur þegar lögreglumennirnir hefðu komið. Þau hefðu talað ensku og spænsku og borið um að þau hefðu ekki orðið vör við neitt.

## **Niðurstaða**

Ákærða er gefin að sök nauðgun, sbr. 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa, með ólögmati nauðung og án samþykkis, haft endaparmsmök við brotaþola og ekki sinnt því þótt brotaþoli bæði hann margsinnis um að hætta. Ákærði neitar sök og krefst aðallega sýknu. Hann hefur gengist við því að hafa haft samræði við ákærða með þeim hætti sem lýst er í ákæru en kveður það hafa verið með fullu samþykki brotaþola. Brotaþoli kveðst hins vegar ítrekað hafa beðið ákærða um að hætta.

Ákærði og brotaþoli voru í sambandi um nokkurra mánaða skeið. Sambandi þeirra lauk að því er virðist a.m.k. ári áður en atvikið átti sér stað. Fyrir liggur að eftir sambandsslitin hittust þeir nokkrum sinnum og stunduðu kynlíf. Þeim ber saman um aðdraganda þess að þeir hittust umrætt sinn, en skjáskot af samskiptum þeirra liggja fyrir í málinu. Var ætlunin að ákærði gerði við tölvu brotaþola en fram hafði komið í samskiptum þeirra að ekki væri ætlunin að til kynlífs kæmi. Ákærði kom á heimili brotaþola kl. 22 að kvöldi 2. janúar 2021 og dvaldi þar í rúmlega klukkustund en kl. 23:20 sendi brotaþoli skilaboð til vinkonu sinnar og bað hana um að svara símanum þar sem ákærði hefði nauðgað honum.

Ákærða og brotaþola ber að mestu saman um málsatvik að því undanskildu hvort samþykki hafi legið fyrir. Brotaþoli kveðst ekki hafa mótmælt atlotum ákærða í fyrstu en hann hafi svo farið að neita og biðja ákærða um að hætta. Ákærða er eingöngu gefið að sök að hafa haft endaparmsmök við brotaþola án samþykkis hans. Brotaþoli kveður endaparmsmökkin ekki hafa farið fram með sínu samþykki, hann hafi margsinnis beðið ákærða um að hætta og hafi jafnvel öskrað. Ákærði hefði hins vegar sett nærbuxur í munn hans og hann þá ekki getað sagt meira heldur grátið.

Strax eftir atvikið hafði brotaþoli samband við vinkonur sínar. Vinkonurnar hafa allar lýst því að ákærði hafi verið í uppnámi og grátið. Hann hefði greint frá því sem gerst hefði í samræmi við það sem að framan er lýst um. Þá lýstu vitnin breytingum sem hafi orðið á brotaþola eftir atvikið.

Strax í kjölfarið fór brotaþoli á neyðarmóttöku vegna kynferðisbrota. Læknir sem tók á móti brotaþola kvað hann hafa verið niðurbrotinn og grátandi. Hefði þurft að róa hann til þess að hægt væri að fá sögu hans, en sagan hefði verið skýr og samræmi í henni. Sú frásögn sem greint er frá í gögnum frá neyðarmóttöku er í samræmi við frásögn brotaþola hjá lögreglu og fyrir dómi. Þá liggur fyrir vottorð sálfræðings um andlegt ástand brotaþola í kjölfar atviksins. Sálfræðingurinn staðfesti vottorð sitt fyrir dóminum og kvað vanlíðan brotaþola einungis verða rakta til þessa atviks, en sérstaklega hefði verið skimað fyrir því hvort eitthvað annað gæti valdið henni.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu morguninn eftir atvikið. Lýsti hann því þar að brotaþoli hefði ekki sagt neitt meðan á munnmökum þeirra hefði staðið en þegar endaparmsmökkin hefðu átt sér stað hefði hann sagt honum að stoppa. Sagði hann svo „en hvort að það var þá tíminn sem maður átti að stoppa og hætta“. Spurður hvert nákvæmt orðalag brotaþola hefði verið svaraði ákærði: „Stopp, stopp stopp, það kemur, það kemur örugglega nafnið mitt inn þarna, plís, og svo kemur aftur örugglega einhver nokkur stopp, ég man ekki alveg beint.“ Spurður um viðbrögð sín við þessu sagðist ákærði hafa tekið þessu sem því sem brotaþoli gerði venjulega. Honum fyndist „skemmtilegt að segja stopp, stopp stopp og ég hægði aðeins á mér og en hélt áfram því að ég var vanur að heyra þetta og átti samt ekkert að stoppa“. Síðan sagði ákærði: „Þegar við vorum í sambandi í nánast heilt ár fyrir, fyrir tveimur árum núna þá heyrði ég þetta daglega og þá stoppaði ég oftast í því bara til þess að tékka en hef bara ekki gert það þarna fyrir einhverja ástæðu.“ Þegar hann var síðar spurður hvort hann hefði átt að athuga hvort þetta væri raunverulega vilji brotaþola sagði hann: „Jú, ég í raun og veru hefði átt að gera það“ og „það hefur verið tímabil sem maður hefur stoppað og hann hafi eiginlega bara, hvað ertu að gera, haltu áfram og eitthvað svoleiðis. Þetta var örugglega eitt af nokkrum skiptunum sem ég ákvað ekki að stoppa“.

Fyrir dóminum sagði ákærði hins vegar að brotaþoli hefði ekki beðið hann um að stoppa í þetta sinn. Hann útskýrði framburð sinn hjá lögreglu þannig að hann hefði verið

að vísa til atvika meðan þeir brotaþoli hefðu verið í sambandi. Dómurinn hefur farið vandlega yfir framburð ákærða hjá lögreglu og telur skýringar ákærða ótrúverðugar. Útilokað er annað en að ákærði hafi þarna verið að vísa til þess atviks sem um ræðir.

Í 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 16/2018, segir að hver sem hafi samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans gerist sekur um nauðgun. Samþykki telst liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja. Samþykki telst ekki liggja fyrir ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumætri nauðung. Með þessari breytingu var enn frekar skert á áherslum, sem fólust í breytingum sem gerðar voru á ákvæðinu með lögum nr. 61/2007, að aðalatriði kynferðisbrots sé að höfð séu kynferðismök við þolanda án hans samþykkis og þannig brotið gegn sjálfsákvörðunarrétti og athafnafrelsi hans í kynlífi.

Framburður brotaþola í málinu hefur verið stöðugur um öll þau atriði er máli skipta. Framburður hans, um að hann hafi ekki verið samþykkur því sem gerðist, fær stuðning í framburði vitna sem áttu samskipti við hann strax eftir atvikið. Þá styðja lýsingar vitna á líðan brotaþola eftir atburðinn frásögn hans. Framburður ákærða hefur hins vegar ekki verið stöðugur eins og rakið er hér að framan. Framburður hans hjá lögreglu um að brotaþoli hefði sagt honum að stoppa er í samræmi við framburð brotaþola. Ákærði hélt því þar fram að hann hefði litið svo á að brotaþoli væri að leika sama leik og hann hefði gert meðan þeir hefðu verið í sambandi þar sem brotaþoli hefði viljað að hann héldi áfram þrátt fyrir að mótmæla með orðum. Brotaþoli kannaðist við að hafa leikið þennan leik einu sinni, meðan á sambandi þeirra hefði staðið, að frumkvæði ákærða. Fyrir liggur að sambandi ákærða og brotaþola lauk um einu til tveimur árum fyrir umrætt atvik. Þótt ákærði og brotaþoli hafi stundað framangreindan leik meðan á sambandi þeirra stóð hefur ekkert komið fram sem gaf ákærða réttmæta ástæðu til að ætla að brotaþoli væri nú að stunda þennan leik. Ákærði virti að vettugi mótmæli brotaþola og gekk ekki úr skugga um að hann hefði þrátt fyrir þau samþykki til kynmakanna. Viðbrögð brotaþola eftir atvikið benda eindregið til þess að brotaþoli hafi verið ósamþykkur kynmökunum. Verður að telja að ákærða hafi hlotið að vera ljóst að kynmök hans við brotaþola um endaparm voru gegn vilja hans.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það niðurstaða dómsins að leggja beri trúverðuga frásögn brotaþola, sem studd er framburði vitna, til grundvallar niðurstöðu í málinu. Er sannað að ákærði hafi haft samræði við brotaþola gegn hans vilja með þeim hætti sem lýst er í ákæru. Ákærði hefur með háttsemi sinni gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 30. mars 2023, hefur hann ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Þegar atvik málsins áttu sér stað voru bæði ákærði og brotaþoli ungir að árum, eða [...]. Brot ákærða var alvarlegt en hann braut gegn kynfrelsi brotaþola og því trausti sem brotaþoli sýndi honum. Meðferð málsins

hefur tafist nokkuð án þess að ákærða verði um kennt, en brotið átti sér stað 2. janúar 2021 og ákæra var gefin út í málinu 30. mars 2023. Með bréfi 5. desember 2022 felldi héraðssaksóknari málið niður. Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 9. febrúar 2023, var ákvörðun héraðssaksóknara um niðurfellingu málsins felld úr gildi og lagt fyrir héraðssaksóknara að höfða sakamál á hendur ákærða. Að teknu tilliti til alls framan- greinds þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár en þykir mega fresta fullnustu refsingar ákærða skilorðsbundið að hluta, sbr. b-lið 1. mgr. 57. gr. og 1. mgr. 57. gr. a í almennum hegningarlögum. Verður fullnustu 21 mánaðar af refsingunni frestað og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Af hálfu brotþola er krafist miskabóta að fjárhæð 3.500.000 krónur. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot gegn brotþola. Brot sem þessi eru til þess fallin að hafa í för með sér stórfelldan miska fyrir þann sem verður fyrir þeim. Af vottorði sálfræðings og framburði vitna fyrir dóminum má ráða að brotið hefur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir brotþola. Með hliðsjón af framangreindu þykir brotþoli eiga rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og þykir fjárhæð þeirra hæfilega ákveðin 2.000.000 króna með vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorbjargar Ingu Jónsdóttur lögmanns, 1.573.932 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Önnu Krístrúnar Einarsdóttur lögmanns, 911.493 krónur, og 624.242 krónur í annan sakarkostnað. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár, en fresta skal fullnustu 21 mánaðar af refsingunni og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A 2.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. janúar 2021 til 30. apríl 2023, en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorbjargar Ingu Jónsdóttur lögmanns, 1.573.932 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola, Önnu Krístrúnar Einarsdóttur lögmanns, 911.493 krónur, og 624.242 krónur í annan sakarkostnað.

Barbara Björnsdóttir